

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Hörðuvellir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breytingum á aðalgatnakerfi og stígakerfi á Hörðuvöllum auk breytinga á stærð og afmörkun íbúðarsvæða, verslunar- og þjónustusvæða, opinna svæða til sérstakra nota og stofnanasvæða. Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð fyrir um 2800 íbúa og er þéttleiki fyrirhugaðrar byggðar áætlaður 17 íbúðir á hektara.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.